

## TVENN JÓL

Guðmundur Einarsson frá Miðdal

Smásaga; tímaritið Perlur 1930, bl. 185-190

Jólin koma líka til okkar í Blómagötu og þar með örðugleikar. Blómagata er í útjaðri München. Einhvern tíma hafa víst vaxið þar blóm, eins og nafnið bendir til, en nú sést þess enginn vottur. Í Blómagötu búa listamenn og aðrir fátæklingar. Húsaræflarnir eru vesalingar og neyðin skín út úr afhýddum veggjum. Horfir á mann frá skuggalegum gluggum.

Við götuinnganginn er búð. Þar er selt hrossaslang og annað matarkyns. Kaupmaðurinn er skollóttur og skininn, eins og gamall hrosshaus sem notaður hefur verið við mjaltir í mörg ár. Annars er hann svo hjálplegur og réttssýnn að hann er ókrýndur konungur þarna í Schwabing. Núna fyrir jólin lýsir svo af beinhvítum skallanum á honum að manni virðist helgibaugur um höfuðið.

Í bakhúsinu á Blómagötu þrjú er bústaður og vinnustofa sex listamanna; húsið er gamalt og væri fyrir löngu dottið hefði það ekki af tilviljun hallast upp að öðru húsi. Maðurinn sem á húsið er líka gamall og heitir Kilhorn. Hann á dóttur sem einnig er gömul. Hún talar og gælir við þrjá aflóga kanarífugla allan daginn. Í æsku var ungfrú Kilhorn listmálari. Þá skreytti hún inngang hússins með skelfilegum "fígúrum". Þessar sögulegu ómyndir líta út eins og þær hafi orðið undir götuvaltara og verið svo teygðar á alla vegu. Uppi í loftinu er mynd af veiðigyðjunni. Hún er þarna í háskalegri stillingu; alveg að detta ofan í höfuðið á manni og hjá henni eru fjórir hundar, allir á hliðinni; skottin á þeim lengri en bolirnir. Við innganginn að bakhúsinu stendur ofsalega stór mynd af Franz Jósef Austurríkiskeisara, náttúrulega er hún öll orðin götött og nefið dottið af henni. Í vanhirtu beði vex dálítill pílviðarteinungur; hann fellir ekki blöð á veturna eins og önnur tré af hans ætt en það er af því að við, sem sjáum ekki annan gróður en þessi fáu kyrkingslegu blöð, elskum þau svo heitt.

Nú eru jólin í nánd og við sexmenningarnir erum að hugsa um þau. Allt er svo óvenjulega þögn, jafnvel leirflauta meistara Svarts er þögnuð. Þeir sem eiga skildinga telja þá í tíunda sinn og ákveða að borða ekki nema einu sinni á dag og þá svo ódýrt sem unnt er; súr lungu og hrossabaunir. Það er búið að halda marga fundi og ræða um allar mögulegar leiðir til fáfanga. Rússa-Pétur er búinn að halda mnnst fimmtíu ræður og sýna fram á hvað þurfi að fá fyrir félagið. Bieler samsinnir öllu og endurtekur í sífellu: - Náttúrulega! Sjálfsagt verðum við að hafa einhver ráð.

Það leit út fyrir að við yrðum að halda jól með svartþröstunum í garðinum.

Snjallræði koma stundum úr ólíklegustu áttum og dulklaedd eins og kalífar. Það var nefnilega rauðhærða stúlkan hans Dýrðlinga-Páls sem bjargaði öllu. Henni datt í hug að hafa sýningu á horninu hjá kaupmanninum okkar. Fyrst voru allir afar móðgaðir við þá tilhugsun; að sjá dýrðlinga í gylltum kápum og saffran-skrýddar meyjar innan um hrossabjúgu og hænsnaræfla. Þó varð sá endirinn að samþykkt var í hálfu hljóði að reyna. Meistari Svartur krassaði þó nafnið sitt af myndum þeim sem hann léði, enda var það ólæsilegt og myndirnar yfirhöfuð þannig að þær töpuðu engu við að vera hengdar upp á hvolfi.

Þarna héngu nú nú listaverkin við hliðina á kálhöfðum og kjötstykkjum til almenns athlægis. En sýningin varð fræg á skömmum tíma, svo að sælkerarnir úr Ráðhúskjallaranum komu akandi til að sjá þessi býsn og einhver myndin blaðamaður benti listverzlunum borgarinnar á að sýna nú fyrir jólin kálhöfuðin sín og þess háttar.

Árangur sýningarinnar varð æfintýrlegur. Bæði sýningartilboðum og peningum rigndi yfir sexmenningana í Blómagötu þrjú.

Jólin voru komin. Allt var skreytt og fágað, svo skólpið lak niður úr gisnum gólfunum og eyðilagði gyllinguna á heilögum Balthasar hjá Dýrðlinga-Páli í kjallaranum. Gifs-Franz úti í garðinum fékk grenisveig um höfuðið og "sú rauða" nýjan hatt og silkisokka.

En hvað eiga óvitar að gera með eld? Eða listamenn með peninga; náttúrulega var haldin veizla og vinirnir komu í hópum. Það var dansað svo brakaði í fúnu gólfinu. Ungfrú Kilhorn sagði kanarífuglunum sínum að þessa ungu listamenn vantaði alla "sögulega alvörugefni" og væru ekki húsum hæfir. Þetta mátti til sanns vegar færa því meðal gestanna var risavaxinn Svisslendingur sem dansaði fjalladansinn með slíkum skellum að allt lék á reiðiskjálfi. Hlátur hans var eins og snjóskriða sem hreif allt með sér.

Fregin um lán sexmenninganna setti Schwabing í uppnám. Þrátt fyrir jólaannirnar þurftu allir að heilsa upp á þá hamingjusömu. Svissneski risinn var búinn að sækja þrjú björkvartél út í "Blómið" og skenkjarinn okkar, hann Bieler litli var orðinn uppgefinn. Það var ekki viðlit að halda áfram með veizluna þarna í húsræflinum. Allur skarinn lagði því af stað út í "Blómið". Gestgjafinn þar hafði séð sitt af hverju en þegar þessi misliti skari flóði um sali hans, spilandi á allskonar ósamkynja hljóðfæri og með þrjú björkvartél fyrir trommur, þá hélt hann að komin væri stjórnarbylting þar sem stjórnarbyltingar voru daglegt brauð síðan rauðliðar tóku borgina 1918. - Hin nýja stjórn lifi! hrópaði hann og sló tappann úr bjórámu. Meistari Svartur kastaði í hann andvirði myndarinnar "Hugsanir skógarvarðarins" og þar með var eitt hið eftirminnilegasta listamannaball í Schwabing byrjað.

Þar var samankomið fólk úr flestum löndum í hinum merkilegustu búningum. Sum "módelin" voru reyndar nokkuð fáklædd fyrir "paraball" en litskrúðið var dæmalaust. Hljómsveitin var samsett á líkan hátt. Þar voru rússnesk langspil og kíverskir einstrengir og meira að segja indversk dvína. Síðhærður Ameríkani barði Maleyjar-trommur með tréhömrum. Dansinn dunaði alla nóttina eins og á uppskeruhátíð. Kvenfólkið var í meirihluta svo sumir dönsuðu jafnvel við tvær dömur eða skiptu um stanslaust. Ræður voru haldnar og bjór og hvítþylsur flugu um endilangan sal.

Að morgni sátum við félagar úti í horni með raðir af björkönnuhlunkum fyrir framan okkur; höfuðin orðin þung af vökum og fölskum tónum. Við vorum líka búnir að snúast fjórtán tíma með listakonur úr öllum þyngdarflokkum. Vinur minn frá Svörtufjöllum hvolfði þá björkönnu sinni til merkis um að nú væri hann alveg hættur að drekka; horfði þunglega á umhverfið um stund, lagði beinastóru höndina fram á borðið og sagði ofurhægt: - Nú er fagurt á fjöllum heima.

Örfá orð geta oft hafið mann yfir veruleikann: Fegurð, fjöll, heima!

Gleymt er stundargengi, fögur andlit og ávalar axlir. Nú finnum við að bjórþófarnir á borðunum lykta af súrum bjór og allt er óhreint; óhreint og hrörnandi í samanburði við mjallhjúpuð fjöllin. Og heima er verið að skreyta jólatréð með sortulyngi í litlu furuviðarstofunni.

Við skiljum hver annan án þess að mæla og eftir stundarkorn stöndum við á járnbrautarstöðinni með skíðin og pokann á bakinu. Jólakýrrð ríkir yfir borginni, en fyrsta morgunskíman lýsir hrímpakin húspök.

Í lestinni er fátt fólk og þegjandalegt, því á jólum hefur hver ferðamaður sínar hugsanir. Ferðinni er heitið upp að Wendelstein og til Keisarafjalla. Þar er snjórinn hvítur og hreinn eins og traf smámeyja.

Þegar fjöllin rísa úr morgunþokunni, hverfa stírnarnar úr augunum. Nú eru önnur jól í aðsigi. Hvílik jól!

Á litlu járnbrautarstöðinni í dalnum er allt hljótt og hreint. Snjórinn liggur metrerþykkur á húspökunum. Þau fáu andlit sem sjást ljóma af jólagleði, Sámur, varðhundur skógarvarðarins, tekur á móti okkur með því að leggja hrammana á axlir okkar og horfa á okkur með alvörusvip. Víst megum við skammast okkar; vera svona niðurlútir og gráhvítir á sjálfum jólonum.

Litla bjálkastofa skógarvarðarins er prýdd og faguð og fyrir framan Maríulíkneskið logar kertaljós. Hin heilaga mey horfir blíðlega til okkar. Hún skilur lögmál æskunnar. Húsbóndinn býður okkur tóbak úr garðinum sínum og heimatilbúið rauðvín í gömlum tinbikurum. "Fröhliche Weinachten"!

Uppi á Wendelstein í 1700 metra hæð er lítil kapella. Bændurnir í dalnum hafa borið byggingarefnið þangað upp á bakinu. Presturinn í dalnum telur ekki eftir sér að lesa þar jólamessu, því þeir sem þangað koma sækja ekki guðshús af fordild eintómri. Þar uppi búa verðir fjallanna.

Vinur okkar, skógarvöðurinn, var ákveðinn í að sækja messu upp á klettinn og við slógumst í för með honum. Þegar við stigum á skíðin rak Sámur gamli trýnið í fæturna á okkur til þess að vera viss um hvaða lykt væri af okkur ef hann þyfti að leita í fönn eða hríðarveðri.

Í kirkjunni á klettinum eru saman komnir um þrjátíu fjallabúar; flestir eru það ferðamannaforingjar og skógarverðir sem hafa það hlutverk að leiðbeina fjallafólki og leita að þeim sem tynast. Andlit þeirra hafa hvassan svip arnarins og eru dökklituð af sól og regni. Enginn þessara manna hikar við að leggja lífið í sölurnar fyrir fólk það sem leitar að fegurð og mikilleika fjallanna. Ævisögur þessara manna eru ekki skrifaðar og sízt af þeim sjálfum. Trú þeirra er heit, einæg og órjúfanleg.

Orð prestsins eru sniðin eftir stað og kringumstæðum. Þau falla eins og hamarshögg æfðs myndhöggvara. Kapellan er næstum skrautlaus og endurómar þunglega eins og ítalskar katakombur er prestur talar. Sólstafir falla inn um þrönga gluggana og lýsa upp andlit þessara þungbrýndu manna. Þarna er mesti garpur Keisarfjalla sem bjargað hefur ótölulegum grúa af fólki frá vissum dauða. Þótt hárið sé grátt, er hryggurinn beinn. Dinaríska krókanefið hans ber vott um að það sé vant að vita á brattann.

Hendurnar eru hnýttar eins og eikarrætur því oft hefur hann neytt þeirra til hins ítrasta í hamraveggjum með dauðvona menn bundna á bakið.

Litlu klukkurnar í kapelluturninum hringja til útgöngu. Hljómar þeirra eru skærir eins og barnaraddir. Hinir hrikalegu tindar umhverfisins leiða tónana upp í himininn. Úti er hvítt og jólalegt. Í dag sjást engir skuggar, heldur fjólublá móða.

Í dag er allt gott og allt fagurt. Mig langar til þess að þíða klakann af dvergfurinni í hliðinni með berum höndum.

*Aths. Saga þessi birtist einnig, eilítið breytt, sem kafli í bók Guðmundar, Fjallamenn, 1946. Hér hefur upprunalegu útgáfunni verið haldið sem allra mest en stöku stafsetningaratriði breytt. ATG*